

## REGLUR

### Norðurljósing um sérstakan húsnæðisstuðning.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Markmið.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016. Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og byggist á meginreglum þeirra laga. Sérstakan húsnæðisstuðning skal ætíð veita í samhengi við félagslega ráðgjöf og eftir atvikum, í samhengi við fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt fær um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

###### 2. gr.

###### *Samspil við önnur stuðningsforma.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga er veittur að teknu tilliti til annarra stuðningsforma. Almennt gildir að sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum nr. 75/2016.

#### II. KAFLI

##### Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings.

###### 3. gr.

###### *Umsókn.*

Félagsþjónusta Norðurljósing annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn. Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagsþjónustu Norðurljósing heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), Vinnumálastofnun og skattyfirvöldum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning sýnað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

###### 4. gr.

###### *Skilyrði fyrir samþykki umsóknar.*

Eftirfarandi eru skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning teljist gild og verði tekin til afgreiðslu:

1. Að umsækjandi hafi fengið samþykktu umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.
2. Að umsækjandi sé orðinn 18 ára á umsóknardegi og eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um.

3. Að samningur eða tilboð um samning liggja fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er staðsett í sveitarfélaginu.
4. Að félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans sé metin samkvæmt viðmiðum 5. gr. Að öllu jöfnu skal miða við að umsækjandi fái 6 stig, þar af að lágmarki 2 stig hvað varðar félagslegar aðstæður. Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn þátt í hverjum flokki.
5. Að samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18. ára og eldri, séu undir efri mörkum samkvæmt viðmiðum 8. gr.
6. Að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstliðnu ári séu ekki hærri en samkvæmt viðmiðum 9. gr.

5. gr.

*Viðmið vegna mats á félagslegum aðstæðum.*

Mat á félagslegum aðstæðum umsækjenda fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Við matið er stuðst við matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning.

Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

6. gr.

*Undanþágur.*

Beiðni um undanþágu frá skilyrðum í 4. gr. skal vera skrifleg og rökstudd. Dæmi um ástæðu vegna beiðni um undanþágu vegna 4. liðar getur t.d. verið vegna náms fjarri lögheimili, vegna veikinda, vegna óvenju þungrar framfærslubyrði eða við sérstakar aðstæður.

Fjölskylduráð úrskurðar um undanþágur.

### III. KAFLI

#### **Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings.**

7. gr.

*Viðmiðunarfjárhæðir við útreikning.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. í húsnæðisbætur fær leigjandi greiddar 900 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr., sbr. 7., 8. og 9. gr. reglna þessara. Fjárhæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings samkvæmt ákvörðunum þar um er lögð saman og fæst með því heildarfjárhæð. Þessi heildarfjárhæð getur aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði<sup>1</sup> vegna viðkomandi íbúðarhúsnæðis.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en 90.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki 40.000 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 40.000 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.

<sup>1</sup> Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir afnot af húsnæði, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

## 8. gr.

*Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings.*

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur<sup>2</sup> og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni. Heimilt er að veita undanþágu frá tekjuviðmiðum vegna óvenju þungrar framfærslubyrði eða við sérstakar aðstæður. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

<b>Fjöldi heimilismanna</b>	<b>Neðri tekjumörk á ári</b>	<b>Efri tekjumörk á ári</b>	<b>Neðri tekjumörk á mánuði</b>	<b>Efri tekjumörk á mánuði</b>
<b>1</b>	5.835.974	7.294.969	486.332	607.914
<b>2</b>	7.761.846	9.702.309	646.821	808.527
<b>3</b>	9.045.760	11.307.201	753.815	942.267
<b>4</b>	9.804.436	12.255.545	817.037	1.021.296
<b>5</b>	10.621.473	13.276.842	885.124	1.106.404
<b>6 eða fleiri</b>	11.438.509	14.298.137	953.209	1.191.512

<sup>2</sup> Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

## 9. gr.

*Viðmiðunarfjárhæðir vegna mats á áhrifum eigna.*

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings má miða við að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna nemi ekki hærrí fjárhæð en 13.900.000 kr. í lok næstliðins árs.

## 10. gr.

*Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings.*

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Félagsþjónusta Norðurlþings er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal Félagspjónusta Norðurlþings tilkynna umsækjanda án

ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

11. gr.

*Frestun greiðslna.*

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) skal félagsþjónusta Norðurþings fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá HMS. Félagshjónustu Norðurþings er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal félagsþjónusta Norðurþings tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

IV. KAFLI

**Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna.**

12. gr.

*Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára ungmenna.*

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Skilyrði sérstaks húsnæðisstuðnings í slíkum tilfellum eru að foreldrar eða forsjáraðilar hafi lögheimili í sveitarfélaginu.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 75% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærri upphæð en 22.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði. Umsókn skal berast á þeirri önn sem sótt er um.

Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-5. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

V. KAFLI

**Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar.**

13. gr.

*Endurnýjun umsóknar.*

Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg. Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 4. gr. reglna þessara sé fullnægt.

14. gr.

*Breytingar á aðstæðum umsækjanda.*

Umsækjandi skal upplýsa félagsþjónustu Norðurþings um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

15. gr.

*Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi.*

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Félagshjónustu Norðurþings er heimilt að draga ofgreiddan

sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

16. gr.

*Endurskoðun.*

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 4. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilismanna, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal félagsþjónusta Norðurlands endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 3. og 4. mgr. reglna þessara til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. reglur þessar.

VI. KAFLI

**Málsmeðferð.**

17. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

18. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Félagsþjónusta Norðurlands skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

19. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## 20. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 21. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

## 22. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfsmenn félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Norðurlþings.

Heimilt að veita undanþágu frá þessum reglum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir.

## 23. gr.

*Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og reglna Norðurlþings um sérstakan húsnæðisstuðning og kynna honum um leið rétt hans til áfrýjunar til fjölskylduráðs.

## 24. gr.

*Málskotsréttur og endurupptaka máls.*

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfsmanna til fjölskylduráðs innan 4 vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðamála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

## 25. gr.

*Endurupptaka máls.*

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla fjölskylduráðs Norðurlþings á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði séu fyrir hendi er erindi um endurupptöku vísað til fjölskylduráðs Norðurlþings til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

26. gr.

*Gildistaka.*

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Reglurnar öðlast þegar gildi og jafnframt falla niður óbirtar reglur frá 27. febrúar 2025.

*Húsavík, 30. apríl 2026.*

**Katrín Sigurjónsdóttir** sveitarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 27. maí 2026